

1920

Fimmtudaginn 24. ágúst 1995.

Nr. 283/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Birgi Þór Birgissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst sl., sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærdi úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur einnig kært úrskurðinn og krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 sunnudaginn 1. október 1995, eins og krafist var í héraði.

Staðfest er sú niðurstaða héraðsdómara, að skilyrði til gæsluvarðhalds varnaraðila samkvæmt a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 séu fyrir hendi, en telja verður varnaraðila síbrotamann. Samkvæmt því er rétt að fallast á kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila allt til kl. 16.00 sunnudaginn 1. október 1995.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Birgir Þór Birgisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 sunnudaginn 1. október 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Birgi Þór Bragason, kt. 210971-4839, án heimilisfangs, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 1. október 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn af RLR í gærkvöld kl. 20.15, eftir að hans hafði verið leitað um hrið vegna grunar um innbrot.

Aðfaranótt 20. júlí sl. var brotist inn í tvö fyrirtæki á Akranesi, Trésmiðjuna Akur hf., Smiðjuvöllum 9, og Byggingahúsið, Smiðjuvöllum 7. Stolið var Sharp-4500-ferðatölvu á síðarnefnda staðnum og 43-60.000 kr., slípirokk, fræsara, hleðsluskrúfjárnir, þráðlausum síma og nokkrum grillkveikjurum. Kærði neitaði aðild að innbrotunum við yfirheyrslu hjá RLR, en játaði í gær fyrir réttinum að hafa framið þessi innbrot og bar enn fremur, að hann hefði verið einn að verki.

Að kvöldi sunnudagsins 6. ágúst sl. var brotist inn í húsið nr. 17 við Barðavog í Reykjavík. Til þjófanna sást á vettvangi, þar sem þeir voru að bera muni úr húsinu í bifreiðina R-12208. Lögreglan fór á heimili eiganda bifreiðarinnar, sem tjáði henni, að hann hefði lánað kærða bifreiðina, og enn fremur, að hann væri sennilega staddur að Dvergabakka 10, Reykjavík. Skömmu síðar fann lögreglan bifreiðina við Dvergabakka 10. Í húsinu fann lögreglan Viðar Daða Einarsson, þar sem hann var að henda hvítum plastpoka í ruslagat. Í poka í ruslatunnunni fann lögreglan m. a. muni, sem annar húsráðenda að Barðavogi 17 hefur borið kennsl á sem muni úr svefnherbergi sínu. Lögreglan hitti ekki kærða í húsinu að Dvergabakka 10 umrætt kvöld, en bróðir kærða, sem staddur var í íbúð þar á annarri hæð til hægri, hefur borið, að kærði hafi komið þangað ásamt Viðari Daða Einarssyni að kvöldi 6. ágúst sl. og þá haft í fórum sínum hvítan plastpoka.

Kærði hefur neitað því að hafa framið innbrotið að Barðavogi 17. Hann hefur viðurkennt að hafa verið með bifreiðina, sem sást til á vettvangi brotsins, að láni, en segir hins vegar, að hann hafi lánað hana vini sínum, Guðmundi, og hafi hann frétt, að Guðmundur hafi brotist inn í hús við Barðavog. Kærði hefur enn fremur neitað því að hafa komið í Dvergabakka 10 kvöldið, sem umrætt innbrot var framið.

Síðari hluta gærdagsins var lögreglunni tilkynnt um innbrot í húsið nr. 17 við Fornastekk. Þar hafði húsráðandi komið að tveimur innbrotsþjófum, sem stukku á brott. Þjófarnir náðu samt að stela úrum, skartgripum og myndavél. Kærði hefur gengist við að hafa verið þarna á ferð ásamt öðrum.

Þær athafnir, sem kærði er grunaður um, geta varðað við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gætu því varðað hann fangelsi. Þar sem kærði hefur viðurkennt að hafa haft bifreiðina R-12208 að láni á þeim tíma, sem innbrotið var framið, og vegna framburðar bróður kærða, Sveinbergs Þórs Birgissonar, þykir grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotinu að Barðavogi 17 rökstuddur. Rannsókn þessa innbrots er enn á frumstigi. Lögregla á enn eftir að finna þýfið og manninn, sem kærði hefur bendlað

við innbrotið. Er ástæða til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, ef hann væri frjáls ferða sinna, svo sem með því að gera ráðstafanir með þýfið eða hafa áhrif á samseka, sem lögregla leitar nú að.

Kærði hefur hlotið 16 refsidóma frá árinu 1988, og eru þeir flestir vegna þjófnaðarbrota. Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann á tímabilinu 12. júlí 1988 til 5. júlí 1994 verið dæmdur til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar í samtals rúm fjögur ár. Hinn 1. febrúar sl. veitti Fangelsismálastofnun ríkisins kærða reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, sem nemur 180 dögum. Auk þeirra brota, sem kærði hefur viðurkennt fyrir réttinum, hefur hann að sögn lögreglu einnig gengist við fjórum þjófnaðarbrotum, fjórum þjófnaðartilraunum og tveimur nytjastuldum á tímabilinu 11. til 30. mars 1995. Rannsóknargögn um þessi mál hafa verið send ríkissaksóknara. Á þeim tíma, sem liðið hefur, frá því að kærða var veitt reynslulausn, hefur hann setið um það bil eina viku í gæsluvarðhaldi og dvalist í um það bil mánuð í Krýsuvík til meðferðar vegna fíkniefnavandamála.

Fyrir réttinum hefur komið fram, að persónulegar og félagslegar aðstæður kærða eru bágar. Hann er heimilis- og atvinnulaus og hefur borið, að hann hafi leiðst að nýju út í afbrot, eftir að hann fékk reynslulausn í febrúar sl., vegna þess að hann hafi fljótlega hafið fíkniefnaneyslu, eftir að hann var laus úr fangelsi.

Ljóst er, að kærði er síbrotamaður, sem á við fíkniefnavanda að stríða. Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir hætta á, að kærði muni halda áfram brotum, á meðan máli hans er enn ólokið.

Samkvæmt a- og c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir því rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til 15. september nk. kl. 16.00.

Áslaug Björgevinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Birgir Þór Birgisson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudagsins 15. september nk. kl. 16.00.